

**Ed.**

**761. Lög**

um breyting á 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara.

(Afgreidd frá Ed. 10. sept.)

1. gr.

Síðasta málsgrein 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, orðist svo:

Í heimspekideild eru 3 prófessorar. Kennir einn þeirra heimspeki, annar íslenska málfræði og bókmentasögu, og þriðji íslenska sagnfræði að öðru leyti.

Ef dósentinum í sögu Íslands verður veitt prófessorsembætti í íslenskri sagnfræði, skal svo með fara, þá er honum verða talin laun, sem hann hefði haft það embætti frá upphafi háskólans.

2. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.